


Flokkun á málörvunarefni – bæði bækur og spil
geta fengið nokkra punkta
því þar er verið að þjálfra meira en 1 atriði.



Grænn	Framburður og hljóðkerfisvitund	
Blár	Samleikur/félagsfærni, Tjáskipti/samskipti og Athygli/einbeiting	
Rauður	Málfræði (Málvitund, Setningamyndun, Málsskilningur)	
Gulur	Orðaforði	
Hvítur	Heyrnaminni/vinnsluminni	



Bækur



Orðasjóður

Hentar vel í orðaforðakennslu. Efnið nýtist vel í kennslu nemenda sem hafa annað tungumál en íslensku. Það má einnig nota á fjölbreyttan hátt í námi yngstu nemenda grunnskólans, ekki síst nemenda með seinan málþroska.



Málhljóðakassinn

Hentar vel til þess að kenna framburð, þjálfa hljóðkerfisvitund, umskráningu og orðaforða.



Stafaspjöldin

Þekkja stafina, tengja myndir við hljóð.



Sól og litla sól

Bækurnar eru hugsaðar til að efla málþroska í gegnum sameiginlega orðnotkun og hlustun í leikjum með börnum þar sem leikskólaumhverfið er vettvangurinn.

Hentar til þess að kenna Orðaforða – Orð og setningar (setningamyndun) – Hljóðfræði (málhljóð, hljóðgreining, heyrnarminni) – Málskilning – Tjáskipti (frásagnir, samskipti) – Tjáningu (samleik, tjáskipti, athygli) – Heyrnæna úrvinnslu og bókstafi.



Orðagull

Málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnæna úrvinnslu, orðaforða og endursögn.

Hlusta á og vinna úr heyrnænum fyrirmælum – Skilja og muna það sem sagt er – Auka orðaforða – Halda fyrirmælum í vinnsluminni á meðan á úrvinnslu og framkvæmd stendur – Bæta tjáningarfærni með því að kalla úr minni og endursegja. Hentar elstu börnunum.



Lærum og leikum með hljóðin:

– Hljóðlestin – framburður og hljóðkerfisvitund

– R bókin – framburðarbók

– S bókin – framburðarbók

– Undirbúningur fyrir hljóðmyndun og tal

– R og S spil



Ljáðu mér eyra

Rím – Sundurgreining setningar í orð – Sundurgreining orð í atkvæði/orðhluta – Hljóðgreining fyrsta hljóð – Hljóðgreining síðasta hljóð – Hljóðflokkun – Orðhlutaeyðing – Sundurgreining orð í hljóð – Hljóðtenging – Stafir og hljóð.



Tölum saman

Málörvunarverkefni fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn.

Hlustun – Heyrnæna úrvinnsla – Orðaforði einfaldur/flókinn – Málfræði – Setningar – Frásagnir – Boðskipti – Hljóðkerfi Talfæri – Skráning.



Markviss málörvun

Þjálfun hljóðkerfisvitundar.



Félagshæfnisögur

Fræða barnið um þær kröfur sem félagslegar aðstæður gera til þess.



Leggðu við hlustir

Verkefni sem þjálfa mál og hljóðkerfisvitund.



Orðaspjall

Eflir orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri. Saga er lesin og staldrað við orð sem eru valin – Samræður um söguna og orðin. Börnin æfa sig í að nota orðin og mynda setninga með þeim – Börnin segja orðin upphátt til að styrkja hljóðmynd þeirra – Orðskýring er sett á bakhlið rennings – Orðin eru skrifuð og sett upp á vegg – Orðaleikir.



Lubbi finnur málbein/hljóðsmiðja Lubba

Íslensku málhljóðin sýnd og sungin. Hugsað til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum 2-7 ára. Nýtist einnig fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál, heyrnar-skertum börnum og börnum með kuðungsígræðslu.





Spil

Ljáðu mér eyra

Umskráning – Umskrá tákni yfir í hljóð, hver bókstafur stendur fyrir ákveðið hljóð.

Hljóðflokkun – Átta sig á fyrsta hljóði í orði. Flokka saman hljóð eftir sama upphafshljóði.

Hljóðtenging – Hvernig er hægt að tengja saman hljóð til að mynda orð? Hlusta og aðgreina hljóð.



Samstæðuspil

Nota má samstæðuspil með ýmsum hætti til þess að kenna orð, örva málþroska og minni, ásamt öðru.



Fun deck spilin

If then – Stuðlar að rökhugsun og hvernig skal leysa úr vandamálum.



Using his, her & their – Kennir rétta notkun á fornöfnunum hans, hennar og þeirra.



How would you feel if – Aðstoðar við að koma tilfinningum í orð.



All about you, all about me – Spurningar sem hjálpa til við að kynna, bæði öðrum og sjálfum sér.



Things that go together – Hvaða hlutir parast/passa saman?



Yes or no – Leggur áherslu á blandaðar spurningar með áætlun til að bæta grunn í að svara spurningum og stuðla að rökhugsun.



When – Hvetur til þess að þróa spurningu, spyrja og svara.



Mini muffin match up – Þekkja litina, flokka, samsvara og telja.



Stafaspilið

Læra íslenska stafrófið.



Educational spilin

What's the connection? 4 ára+ – Þjálfar vitræna og huglæga hugsun. Finna tengingar á milli ýmissa hluta, sjónræn þekking á milli lita, forma og hluta, eykur orðaforða og munnlega tjáningu, kennir hómor og það sem flestum þykir fátánlegt, eykur ímyndunarafli, sköpun og minni.



Friends we like, 2 ára + – Þekkja dýrin 4 í sjón og vissa hluta af dýrinu, sjónræn þekking á milli lita, forma og hluta, eykur orðaforða og tjáningu.



Touches, 2 ára+ – Styrkir skynsemi, orðaforða, minni og sjónræna þekkingu á milli lita, forma og hluta.



Who's at home? 2 ára+ – Styrkir sjónræna þekkingu á milli lita, forma og hluta. Styrkir orðaforða, ímyndunarafli, sköpun, minni og kennir ýmis hugtök.



Where do I live?

Stuðlar að þekkingu og skilningi á dýrum heimsins, stuðlar að persónulegri og félagslegri færni og hvetur börn til að vera athugul.



Gaman saman með Pétri og úlfinum (tónlistarspil)

Þekkja tónlistina við söguna, þekkja hvaða tónlist á við hvaða persónur og dýr, þekkja hvaða hljóðfæri er verið að spila á og hvernig þau líta út.



Action Reaction

Þekkja tengingu á milli hluta og geta skilið og sagt sögu.



Segðu sögu, minnis- og sögu-leikur

Reynir á hugmyndaflugið, eflir sköpunargleði, reynir á rökhugsun og eykur orðaforða.



Soundtracks

Hvetur til virkrar hlustunar og einbeitingar, þekkja mismunandi hljóð og tengja við myndir.



Myndalottó

Styrkja hlustun, þjálfar boðskiptafærni, auka orðaforða, nota einfaldar setningar, kenna litaheiti og vekja áhuga á stöfum.



Old MacDonald Lotto

Kennir að tengja saman hluti, styrkir minni, hvetur börn til að vera athugul og þróa með sér félagsleg samskipti.



Hvem spiser hvad

Tengja saman hluti og liti.



Hvem bor hvor?

Tengja saman hver á heima hvar.



Colour

Tengja saman liti og myndir.



Lotto spil

Tengja saman réttar myndir t.d. Átt þú skál? Átt þú brauðrist?



New baby lotto

Para saman myndir, hjálpar barni að átta sig á breytingum við komu nýs systkinis.



Myndaspjöld eftir flokkum

Myndir af atriðum í mismunandi flokkum. Nýtist í orðaforðakennslu ásamt því að efla framburð.



New baby lotto

Para saman myndir, hjálpar barni að átta sig á breytingum við komu nýs systkinis.



Cognition Puzzle

Þjálfar vitsmunapróska, para saman og fínhyfingar.



Domino spil

Þjálfar útsjónarsemi og rök-hugsun.



Vetrovorm

Þjálfar fínhyfingar.



Combion

Þjálfar vinnsluminni, orðaforða og samleik.



Panorama

Hugtakaskilningur t.d. lítið/ mikið, fyrir framan/fyrir aftan o.fl.



Pick a pec

Hugtakaskilningur, flokka eftir litum og stærð.



Colorino

Þjálfar form, liti, málfræði og samleik.



Colours

Tengja saman myndir.



Bunte ballone

Tengja saman liti við myndir.



Baby colour

Þjálfar liti og form.



Fraction Geoboard

Form og litir.



Quips

Tengja liti við myndir.



Alphabet fishing game

Þjálfar samleik og að þekkja litina.



Tempo kleine schnecke (sniglaspilið)

Þjálfar samleik, félagsfærni og málfræði.



Jeeper Peepers

Þjálfar orðaforða, samleik, framburð, vinnsluminni og setningamyndun. Barn fær mynd á „glæraugun“ sín og útskýra þarf fyrir aðilanum hvað hann hefur.



Mix Max

Para saman persónu í rétt föt og fleira.




Was will ich werden?

Para saman persónu við atvinnu.



Wesco

Þjálfar rökhugsun og málfræði.



4 seasons

Myndir af árstíðum og börnin finna það sem hentar hverri árstíð.



Henne Berta

Reyna að safna eggjum í körfu, þjálfar samleik.



Obstgarten

Samvinnuspil, hjálpast að við að tína af trjánum og þarf að passa sig á krumma.



Gaman saman með Karnival dýranna

Þjálfar hljóðkerfisvitund.



Floccards

Þjálfar rökhugsun, einbeitingu og orðaforða.



Orðahljóð

Ætlað til að efla hljóðvitund barna á aldrinum 3–5 ára.

